



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Erindisbréf fyrir Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefnd Strandabyggðar

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir Athafnasvið Strandabyggðar og sviðstjóra þess, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Heimilt er að kalla starfsmenn sveitarfélagsins og Hólmavíkurhafnar til fundar með nefndinni, svo og aðra gesti eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Skipan nefndarinnar

Í Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fulltrúar til vara.

Nefndin kýs sér varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndarinnar er:

- að stuðla að nýsköpun og eflingu atvinnulífs í Strandabyggð
- að skapa atvinnulífi á svæðinu sem bestar aðstæður og skilyrði til vaxtar og framþróunar
- að hafa jafnan fyrirbyggjandi sem gleggstar upplýsingar um atvinnuþróun í sveitarfélaginu og nauðsyn nýrra framkvæmda eða nýbreytni
- að taka virkan þátt í stefnumótun og hugmyndavinnu varðandi atvinnulíf í sveitarfélaginu
- að gera tillögur til sveitarstjórnar og vera henni til ráðgjafar varðandi sérstök hagsmunamál dreifbýlis í Strandabyggð
- að sjá um verkefni tengd fjallskilum í sveitarfélaginu samkvæmt *Lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl.* nr. 6/1986, með síðari breytingum
- að sinna málefnum hafna í sveitarfélaginu og tillögugerð til sveitarstjórnar varðandi málaflokkinn samkvæmt Hafnarlögum nr. 63/2003 og Hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkurhöfn 855/2011

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 19, 510 HÓLMAVÍK KT. 570806-0410

SÍMI 451-3510 FAX 451-3403 BANKI 0316-26-153 NETFANG HOLMAVIK@HOLMAVIK.IS VEF Síða WWW.HOLMAVIK.IS



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

- að þrýsta á um úrbætur opinberra aðila, stofnana og ríkisvaldsins, varðandi það sem að þeim snýr og betur má fara á svæðinu
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í atvinnumálum nái fram að ganga

Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefnd getur ákveðið að gera tillögur til sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun stofnana eða verkefna sem tilheyra verksviði nefndarinnar.

Meginhlutverk nefndarinnar er stefnumótun, tillögugerð og afgreiðsla einstakra mála. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

Starfshættir

Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefnd kemur saman á fastákveðnum fundartíma, sem að öðru jöfnu er kl. 17:00 fyrsta þriðjudag í mánuði sem ekki ber upp á lögbundinn frídag.

Nefndin skal halda fundargerðir. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Fundargerðum kemur formaður til sveitarstjórnar sem tekur þær til afgreiðslu eins fljótt og unnt er.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Framkvæmd

Til að fylgja eftir samþykktum nefndarinnar sem staðfestar hafa verið af sveitarstjórn skulu formaður og/eða aðrir fulltrúar Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefndar snúa sér til sveitarstjóra Strandabyggðar.



Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Ef um forföll er að ræða skal það tilkynnt á skrifstofu Strandabyggðar eigi síðar en kl. 10:00 boðaðan fundardag.

Nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Nefndarmaður skal hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundinn af öðru en sannfæringu sinni, lögum og Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Fylgja skal fyrirmælum Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 í þessum efnum. Nefndarmanni sem víkur af fundi er heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni, áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem um starfssvið hennar gilda hverju sinni.

Þá skal nefndin fylgja *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar* eins og hún er hverju sinni og ákvæðum sveitarstjórnarlaga.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandbyggðar.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar og tekur gildi 26. júní 2012.

Hólmavík, þann 26. júní 2012